

## FUNDARGERÐ

### 113. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 7. október 2008 kl. 14<sup>00</sup>–15<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)  
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.  
Fjarverandi: Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar (112.).
- (2) Ársfundur.
- (3) Drög að rekstraráætlunum fyrir sérhvern vörflokk.

#### 1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (112. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

#### 2. Ársfundur

Ársfundur Úrvinnslusjóðs var haldinn á Hotel Nordica s.l. þriðjud., 30. september. Fundinn sátu 39 manns. Til fundarins var boðið samstarfsaðilum sjóðsins, svo sem þjónustuaðilum, fulltrúum sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Formaður stjórnar, Guðmundur G. Þórarinsson, setti fundinn og skipaði fundarstjóra Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra. Ráðherra umhverfismála, Þórunn Sveinbjarnardóttir, ávarpaði því næst fundargesti og rakti það sem næst er ádöfinni svo sem frumvarp um skilagjaldsumbúðir. Stefna stjórnvalda væri framleiðendaábyrgð sbr. nýsamþykkt lög um raftækjaúrgang. Ráðherra taldi framkvæmd Úrvinnslusjóðs hafa tekist vel og að nýliðin endurvinnsluvika hefði verið gott framtak sem rétt væri að endurtaka.

Guðmundur G. Þórarinsson fylgdi því næst úr halði ársskýrslu fyrir árið 2007. Hann talaði um starfsemina á árinu og þann árangur sem náðst hefur með starfsemi Úrvinnslusjóðs að úrgangsmálum. Hann rakti sjónarmið sem lögð eru til grundvallar um framkvæmd Úrvinnslusjóðs, að allir fái tækifæri til þess að taka þátt í verkefnum og fyrirkomulagið mismuni ekki aðilum. Staðan sé sem jöfnust hvar sem er á landinu og til þess séu notaðar flutningsgreiðslur. Sérstaklega minntist hann á þá þróun sem orðið gæti eftir tilkomu laga um raftækjaúrgang. Stjórnvöld stefni að framleiðendaábyrgð sem þau telja að Úrvinnslusjóður nái ekki að uppfylla. Þótti honum umhugsunarvert hvort það muni ekki leiða til þess að því meiri mannafla þyrfti sem meiri aðgreining yrði um rekstur vörflokka og jafnvel fleiri en eitt „kerfi“ í kringum suma vörflokka eins og virtist stefna í með raftækjaúrganginn.

Framkvæmdastjóri, Ólafur Kjartansson, fór yfir niðurstöður ársreiknings og rekstur Úrvinnslusjóðs og afkomu hinna einstöku vörflokka. Þá reifaði hann hver væru næstu verkefni framundan og niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var fyrir sjóðinn. Áframhaldandi þróun þyrfti að verða með bættri stjórnun, þróun fagþekkingar og eflingar innra starfs. Þá vék hann að umbúðamarkmiðum, hvernig eigi að túlka ábyrgð sjóðsins á heildarmarkmiðum um umbúðir þegar aðeins er lagt á pappa-, pappírs- og plastumbúðir en heildarmarkmiðin ná einnig til umbúða úr málm, gleri og tré. Hann sagði að verulega þurfi að auka söfnun og endurvinnslu til að náist markmið um árangur sem skal vera orðinn árið 2011.

Töluverðar umræður urðu um skýrslur formanns og framkvæmdastjóra. Eftirfarandi voru helstu málefni sem voru rædd:

### Stjórnun úrvinnslumála

Magnús Jóhannesson sagði, líkt og ráðherra, að fyrirkomulag Úrvinnslusjóðs hefði sannað gildi sitt og að verðugt markmið væri að ná árangri með sem minnstum tilkostnaði. Þá taldi hann niðurstöðu stjórnar sjóðsins varðandi söfnunarstöðvargreiðslur góða.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, tók undir með stjórnarformanni Úrvinnslusjóðs um að lítið vit væri í því að reka marga úrvinnslusjóði eins og yrði ef áfram verður haldið á þeirri braut sem nýsett lög um raftækjaúrgang vísa.

### Umbúðaúrgangur

Sveinn benti einnig á að ef 15% árleg aukning skila á pappa ætti að ganga eftir, en ÓK hafði sagt þá aukningu nauðsynlega, þá þyrfti að flokka meira frá heimilum og verja til þess fjármunum. Umbúðasöfnun hjá stærri fyrirtækjum væri komin í góðan farveg.

Elías Ólafsson, stjórnarformaður Gámaþjónustunnar lýsti efasemdum um ágæti þess að greiða fyrir óflokkaðan úrgang eftir mati á innihaldi. Átti hann þar við greiðslur til brennslustöðva fyrir pappa og plast. ÓK gerði grein fyrir því að þessar greiðslur mundu fjara út á næstu árum.

### Gagnasöfnun

Ögmundur Einarsson, sem situr í stjórn Úrvinnslusjóðs, ræddi um upplýsingaskyldu og gagnasöfnun. Vildi hann meina að þegar spurt er grundvallarspurninga um árangur sé oft fátt um svör. Taldi hann rétt að útvíkka gagnasöfnun Úrvinnslusjóðs þar sem þar væri fyrir góður grunnur svo langt sem hann næði.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir frá ráðuneytinu sagði að viðræður hefðu verið teknar upp við Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóð um að Umhverfisstofnun standi að slíkum gagnagrunni en Úrvinnslusjóður aðstoði við það verk. Unnið hafi verið að samræmingu á skilum fyrirtækja á upplýsingum og benti á reglugerð í því sambandi.

Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi, sagði að það væri mismunur í inntaki starfsleyfa heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar varðandi upplýsingar frá fyrirtækjum. Heilbrigðisnefndir krefjast ekki magntalna enda hafi þær ekki lagalegar heimildir til að afhenda slíkar upplýsingar til þriðja aðila að hans mati.

### Flokkunarleiðbeiningar

Guðmundur Tryggvi Ólafsson sagðist sakna leiðbeiningamerkja Fenúr um flokkun úrgangs í kynningu endurvinnsluvikunnar nú á dögnum. ÓK telur rétt að stuðla að kynningu þessara ágætu merkja meðal annars á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.

### 3. Rekstraráætlun

ÓK reifaði forsendur fyrir rekstraráætlun í framhaldi af umræðu um rekstraráætlun sl. vor og í tengslum við stöðubréf til ráðuneytisins. Með bréfinu var bráðabirgðarekstraráætlun sem stjórnin samþykkti að yrði endurskoðuð og staðfest í haust sem áætlun fyrir 2008, 2009 og 2010.

Farið var yfir tekjur og gjöld í hverjum vöruflokki fyrstu átta mánuði ársins og borið saman við s.l. ár. Ljóst er að álagt magn verður minna en í fyrra - sérstaklega í vöruflokkum er tengjast ökutækjum.

Fram kom í máli ÓK að rekstur málningarvöruflokksins verður erfiður í ár þrátt fyrir hækkun úrvinnslugjalds úr í byrjun árs. GGP ræddi hvort nauðsynlegt væri að leggja einnig úrvinnslugjald á vatnsmálningu til að ná betri tókum á álagningu og skilum á málningu.

*Unnið verði frekar að rekstraráætlunum fram til næsta fundar og gert ráð fyrir 20% minnkun heildartekna Úrvinnslusjóðs milli árunna 2007 og 2009.*

### 4. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 21. okt. kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs